



ADALSTÖÐVAR
HEADQUARTERS: KELDNAHOLT, IS-112 REYKJAVÍK, ICELAND
KENNITALA
I.D. no.: 530269-3109

Alþingi

*Erindi nr. P 127/1323
komudagur 18.3.2002*

SÍMI
TELEPHONE: (354) 577 1010
MYNDSENDIR
TELEFAX: (354) 577 1020

REYKJAVÍK,

1-045
ÞT/-

15.03.2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um frumvörp til laga nr. 549, 553 og 539 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, tæknipróun og nýsköpun og vísinda- og tækniráð.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins lýsir yfir ánægju sinni með það að efla eigi vísindarannsóknir, vísindamenntun og tæknipróun í landinu í því skyni að treysta stoðir íslenskrar menningar og auka samkeppnishæfni atvinnulífsins. Er það meginmarkmið þess lagabálks sem hér er til umfjöllunar.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins telur að útfærslan í frumvörpunum þremur endurspeglar ekki þennan ásetning. Hagnýtar rannsóknir, sem ætlað er að efla hefðbundið íslenskt atvinnulíf og fram fara á rannsóknastofnunum atvinnulífsins og úti í fyrirtækjunum, bera þar skarðan hlut frá borði. Í staðinn virðist eiga að efla stórlega grunnrannsóknir í háskólasamfélaginu sem einkum eiga að byggjast á færni einstaklingsins til þess að vinna verkið.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins gerir einkum athugasemdir við eftirfarandi atriði:

Frumvarp til laga um Vísinda- og tækniráð, nr. 539.

- Samsetning Vísinda- og tækniráðs endurspeglar ekki þann ásetning að ráðinu sé ætlað að styðja við hagnýtar rannsóknir í þágu íslensks atvinnulífs. Þar er hvorki gert ráð fyrir sjávarútvegsráðherra né landbúnaðarráðherra. Æskilegt væri að hafa fleiri fulltrúa úr atvinnulífinu. Nauðsynlegt er að fulltrúar úr rannsóknarsamfélaginu utan háskólanna eigi jafnframt sæti í ráðinu.
- Nauðsynlegt er að tryggja að samræming og samvinna sé milli vísindarannsóknanna annars vegar og þóunar og tækni hins vegar í Vísinda- og tækninefnd. Er það gert til þess að vísindarannsóknir skili sér með öruggum hætti út í atvinnulífið en að ekki myndist ný „nýsköpunargjá“.

Frumvarp til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, nr. 549.

- Stofnunin er sammála því að Rannsóknasjóður styrki verkefni á grundvelli ítarlegs faglegs mats á gæðum rannsóknarverkefna og færni þeirra einstaklinga sem stunda rannsóknirnar. Hins vegar er óásættanlegt að samningur um styrkveitingu sé bundinn við rannsóknir ákveðinna einstaklinga. Rannsóknastofnanir atvinnulífsins fylgja ákveðinni rannsóknarstefnu og ráða menn til starfa samkvæmt því. Eitt af því sem gerir einstaklinga hæfa til þess að hljóta rannsóknastyrk er það umhverfi sem þeir starfa í. Stofnanirnar leggja umtalsvert fé sem mótframlag í þau verkefni sem styrkt eru af rannsóknarsjóðum. Verkefni halda áfram þó svo að einhver tiltekinn einstaklingur hætti störfum.
- Stofnunin telur óeðlilegt að verklag við úthlutun úr sjóðnum skuli bundið í lagatexta (5. gr.). Eðlilegra er að stjórn sjóðsins skilgreini það í samræmi við stefnu Vísinda- og tækniráðs hverju sinni.
- Athugasemd er gerð við það að Rannsóknánámsjóður lúti annarri stjórn en Rannsóknasjóður og Byggingasjóður. Einnig er nauðsynlegt að halda opnum þeim möguleika að styrkja nemendur í framhaldsnámi erlendis á þeim sviðum þar sem þekking og færni er ekki fyrir hendi hér. Er þetta einkum mikilvægt þegar byggja þarf upp ný fræðasvið, t.d. við rannsóknastofnanir atvinnulífsins og úti í fyrirtækjum. Það er jafnframt eðlilegt og sjálfsagt að gerð sé sú krafa að íslenskur leiðbeinandi komi að námsverkefninu.
- Nauðsynlegt er að tryggja að þeir sem notið hafa fyrirgreiðslu Rannís fái nauðsynlega þjónustu eftir að skrifstofa Rannís hefur verið lögð niður og þar til nýtt kerfi hefur tekið við. Taka þarf á því vandamáli í ákvæði til bráðabirgða II.

Frumvarp til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, nr. 553.


- Stofnunin telur að skilgreining á markmiði laganna sé allt of þröng og þjóni einkum hagsmunum lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Erfitt er að sjá hagsmunum sjávarútvegs, fiskvinnslu og landbúnaðar stað í frumvarpinu. Tækniþróunarsjóður mun því ekki nýtast við hagnýtar rannsóknir eða þróun á sviði hefðbundins landbúnaðar.

Afleiðingar fyrir Rannsóknastofnun landbúnaðarins og rannsóknir í þágu íslensks landbúnaðar

Verði frumvörp þessi samþykkt óbreytt mun það hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir starfsemi Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Stofnunin hefur notið umtalsverðra styrkja úr Tæknisjóði Rannís á undanförunum árum á grundvelli vel skilgreindra og góðra verkefnislýsinga sem hafa verið lögð í faglegt mat í samkeppni við umsóknir úr öðrum geirum samfélagsins. Mikil hætta er að þau myndu í falla utan garðs að stórum hluta í breyttu kerfi. Jafnframt hefur Framleiðnisjóður landbúnaðarins komið að styrkveitingum, bæði í samstarfi við Tæknisjóð og einn sér. Framtíð hans er óljós sem enn eykur á vandann, einkum þegar haft er í huga að stofnunin á litla möguleikja á styrkjum úr hinum nýja Tækniþróunarsjóði eins og verkefni hans eru skilgreind. Stofnunin hefur sinnt grunnrannsóknnum og hagnýtum rannsóknnum fyrir íslenskan landbúnað um áratugaskeið. Ólíklegt er að Háskóli Íslands muni taka þær upp á arma sína í náinni framtíð. Ef rekstrargrundvelli er kippt undan stórum hluta

starfsemi Rannsóknastofnunar landbúnaðarins mun það hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir þróun íslenks landbúnaðar í víðasta skilningi á næstu árum.

Virðingarfyllst,


Þorsteinn Tómasson
-forstjóri-

Afrit: Landbúnaðarráðuneyti